



Reykjavík, 19. apríl 2022

Varðar: 461. mál, frumvarp til laga um fjarskipti, 152. löggjafarþing 2021–2022

Vísað er til tölvubréfs umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, þar sem Ríkisútvarpinu ohf. („RÚV“) var sent til umsagnar ofangreint frumvarp. Þess var óskað að undirrituð umsögn bærisk eigi síðar en 13. apríl sl., en frestur til að skila umsögn var síðan framlengdur til dagsins í dag.

Í lögum nr. 23/2013 um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannabágu, er meðal annars mælt fyrir um hlutverk og skyldur RÚV, þ.á m. að RÚV skal dreifa „efni til *alls landsins* og næstu miða með a.m.k. tveimur hljóðvarpsdagskrám og einni sjónvarpsdagskrá árið um kring“.

Dreifikerfi RÚV hefur tvíþætt hlutverk, í fyrsta lagi að miðla efni RÚV til alls landsins en auk þess er dreifikerfi RÚV mikilvægur hlekkur í almannavörnum þjóðarinnar. Dreifikerfi RÚV er gríðarlega víðfeðmt, með tæplega tvö hundruð FM-senda og tvo langbylgjusenda.

RÚV er með samning við Sýn hf. (Vodafone), meðal annars um dreifingu *sjónvarps í lofti*, sem gildir til ársins 2028. Stafrænt dreifikerfi Vodafone um loftnet nær til 99,9% landsmanna auk helstu sumarhúsavæða og er stærsta sjónvarpsdreifikerfi landsins. Með því fást útsendingar í RÚV í háskerpu um svo til allt land. Samningurinn, sem var gerður að undangengnu útboði á sínum tíma, hefur sætt gagnrýni, meðal annars af hálfu nefndar sem mennta- og menningarmálaráðherra skipaði 7. maí 2015 til þess að greina þróun á starfsemi Ríkisútvarpsins ohf. frá stofnun félagsins 1. apríl 2007. Auk þeirrar miklu fjárbindingar sem í samningnum fólst, hefur nytsemi samningsins verið gagnrýnd, ekki síst með tilliti til þeirrar staðreyndar að í framkvæmd sækir allur þorri landsmanna sjónvarp RÚV í gegnum sjónvarpsbox símafélaganna (IPTV), þ.e. í *gegnum netið* (í stað loftnets), fyrir tilstuðlan afkastamikilla hágæðaneta fjarskiptafélaga, ekki síst ljósleiðara og áþekkrar tækni.

Í þessu samhengi er einnig vert að nefna það lykilmarkið íslenskra stjórnvalda á sviði fjarskipta að aðgengi lögheimila og atvinnuhúsnæðis að ljósleiðara verði 99,9% fyrir árslok 2025. Á vefsíðu Stjórnarráðs Íslands er fjallað um landsátakið *Ísland ljóstengt*, sem snýr að þessu markmiði. Þar kemur meðal annars fram að veittir hafi verið ríkisstyrkir til sveitarfélaga til ljósleiðaraupbyggingar í dreifbýli utan markaðssvæða. Með ljósleiðaravæðingu „utan þéttbýlis er jafnframt stuðlað að *uppfærslu stofnkerfa fjarskipta á landsvísu* sem er forsenda meiri áreiðanleika, útbreiðslu og gagnaflutningshraða allra farneta utan þéttbýlis“.

Ástæða þess að RÚV gerir þetta að umtalsefni hér, er að í 62. gr. fyrirliiggjandi frumvarps er mælt svo fyrir að neytendum skal á lögheimili eða aðsetri samkvæmt skráningu hjá Þjóðskrá Íslands tryggður aðgangur á viðuráðanlegu verði að nothæfri *netaðgangspjónustu* og símapjónustu með tilgreindum gæðum, þ.e. að svokallaðri *alþjónustu*. Í 6. mgr. 62. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að ráðherra kveði í reglugerð nánar á um þá þjónustuþætti (þjónustu og aðgerðir) sem neytendur eiga að geta framkvæmt í gegnum þá tengingu sem þeir hafa aðgang að.

Í 5. gr. frumvarpsins er hugtakið *netaðgangspjónusta* skilgreint sem *virgni, gæði og tæknilegir eiginleikar sem netaðgangspjónusta skal að lágmarki búa yfir þannig að þjónustan geti komið notendum að gagni í daglegu lífi*. Í athugasemdum í greinargerð með frumvarpi til laganna segir að hugtakið *nothæf netaðgangspjónusta* komi í stað orðanna *nothæf internetþjónusta* í gildandi fjarskiptalögum. Er síðan vísað til greinargerðar með frumvarpi því sem varð að lögum

Ríkisútvarpið ohf.

Efstaleiti 1
150 Reykjavík
Sími: 515 3000

www.ruv.is



nr. 72/2018, um breytingu á lögum um Póst- og fjarskiptastofnun og lögum um fjarskipti (þskj. 653, 454. mál á 148. lögþ.), hvar finna má skilgreiningu á hugtakinu nothæf internetþjónusta.

Í síðastnefndum lögum er *nothæf internetþjónusta* í 2. gr. þeirra skilgreind með áþekkingu hætti og *nothæf netaðgangspjónusta* í fyrirliggjandi frumvarpi, þ.e. sem virkni, gæði og tæknilegir eiginleikar sem internetþjónusta skal að lágmarki búa yfir þannig að þjónustan geti komið notendum að gagni í daglegu lífi. Lágmarksvirkni, gæði og tæknilegir eiginleikar internetþjónustu skuli nánar tilgreindir í reglugerð ráðherra. Í athugasemdum í greinargerð með frumvarpi til þessara laga segir að efni þessarar skilgreiningar hafi að geyma markmið um *lágmarksgæði gagnaflytningu* innan alþjónustu. Áhersla sé lögð á að internetþjónustan sé nothæf, þ.e. gagnist hinum almenna notanda í daglegu lífi. Hér sé t.d. um að ræða að internetþjónustan sé af þeim hraða og gæðum að notandi geti án vandræða skilað skattframtali, tekið þátt í rafrænum kosningum, notað tölvupóst og vafrað um helstu vefmiðla o.s.frv. Síðan segir: „Tekið skal fram að með hugtakinu *nothæfri internetþjónustu* er ekki átt við *þjónustuþætti* sem almennt krefjast aukinnar bandbreiddar, t.d. háskerpu sjónvarpsþjónustu yfir internetið.“

Af framangreindu leiðir, að hugsanlega má leggja þann skilning í fyrirliggjandi frumvarp, ekki síst í ljósi tilvísunar þess til laga nr. 72/2018, að háskerpu sjónvarpsþjónusta teljist ekki liður í nothæfri netaðgangspjónustu, þ.e. liður í lágmarkspjónustu.

RÚV telur engum vafa háð, að hinn almenni notandi í dag telur *háskerpu sjónvarpsþjónustu* yfir internetið flokkast sem „virkni, gæði og tæknilegir eiginleikar sem internetþjónusta skal að lágmarki búa yfir þannig að þjónustan geti komið notendum að gagni í daglegu lífi“, þ.e. sem lið í *nothæfri netaðgangspjónustu*. Mikilvægt er að lögin, eða a.m.k. lögskýringargögn, taki skýrlega af því mið. Að öðrum kosti er sú hætta fyrir hendi, í ljósi fyrrgreindra lögskýringargagna, að jafnvel þótt ráðherra myndi mæla svo fyrir um á grundvelli þeirra heimilda sem hann nýtur samkvæmt 6. mgr. 62. gr. frumvarpsins að háskerpu sjónvarpsþjónusta teljist til nothæfrar netaðgangspjónustu, að slík reglugerð yrði talin skorta lagastoð.

Með því að taka af skarið hér að lútandi er ekki einasta verið að endurspegla almenna upplifun og þarfir notenda, heldur er *um leið* tryggt að notendur, án tillits til staðsetningar á landinu, njóti *háskerpu sjónvarpsþjónustu* yfir internetið til jafns við íbúa þéttbýlis, *sem og* að RÚV sé fært um að efna fyrrnefndar lagaskyldur sínar um dreifingu „efni[s] til *alls landsins*“ án þess að þurfa að stofna til gríðarlegra hárra fjárbindinga við fjarskiptafélög meðal annars um dreifingu sjónvarps í lofti, líkt og nú er.

RÚV leyfir sér að síðustu jafnframt að taka undir umsögn Neyðarlínunnar ohf. eftir því sem við á.

Virðingarfyllt,
f.h. Ríkisútvarpsins ohf.

Margrét Magnúsdóttir,
skrifstofustjóri

Ríkisútvarpið ohf.

Efstaleiti 1
150 Reykjavík
Sími: 515 3000

www.ruv.is